

From: Kristinn Már Reynisson <kristinnr@postur.is>
Sent: fimmtudagur, 21. janúar 2021 15:57
To: Inga Skarphéðinsdóttir <ingaskarp@althingi.is>
Cc: Þórhildur Ólöf Helgadóttir <thorhildurh@postur.is>
Subject: Spurningar SU til ÍSP - Svör og fylgiskjöl.

Sæl Inga,

Hér fylgja svör ÍSP við þeim spurningum sem fulltrúar félagsins náðu að rita niður á fundinum auk kynningar sem haldin var og verðskrár þær sem óskað var eftir. Ef spurningar eru ranglega hafar eftir, biðst ég forláts.

Hanna Katrín spyr:

1. Hvernig var staðið að þeirri ákvörðun að setja verðskrá í viðmið við höfuðborgina?

Þessu var svarað á fundinum – bæði með svörum Bjarna, Þórhildar og kynningu Kristins sem er meðfylgjandi.

2. Hvaða áhrif voru af verðbreytingu vegna þess að miða við höfuðborgina á ÍSP?

Útreikningar á alþjónustubyrði er á forræði PFS.

3. HK fullyrðir að tap 2019 var um 500 milljónir og spyr hvað var það 2020?

a. Undirspurning: Hvað af tapi 2020 er íslenskt hvað er erlent?

Ársreikningur liggur ekki fyrir að svo stöddu og því er ekki hægt að svara þessari spurningu.

4. HK spyr um útnefningu. Skv. punktum ÍSP varðaði það skýringu á kæru.

Mál þetta er í lögformlegum farvegi. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir og er ekki í höndum ÍSP.

5. Niðurfelling viðbótarafsláttar – hvað felur það í sér?

Svo sem lesa má úr ákvörðun PFS var nauðsynlegt að íhuga stöðu viðbótarafsláttar í kjölfar þess að einkarétturinn var felldur niður. Þar með var markaður með dreifingu bréfpósts, í skilningi markaðsskilgreiningar samkeppnisréttar, opnaður, í samræmi við póstitlskipun ESB. Af því leiðir að markaður fyrir dreifingu bréfpósts var vegna ákvörðunar Alþingis algerlega orðinn andlag reglna samkeppnisréttar.

Viðbótarafslættir þeir sem um ræðir, voru eftirágreiddir magntengdir afslættir. Fyrirtækjum í sterkri markaðsstöðu eru sett mjög þröng skilyrði fyrir því að viðhafa slíka afslætti samkvæmt dómafordæmi CJEU og fyrri niðurstaðna SKE. Að svo stöddu liggur ekki fyrir að ÍSP gæti uppfyllt slík skilyrði.

6. Er verðlagning hamlandi gagnvart flutningaaðilum á landsbyggðinni?

Stjórnareiningar ÍSP taka rekstrarlegar ákvarðanir út frá hagsmunum félagsins, hagsmunum viðskiptavina félagsins og þeim lögum sem félaginu er gert að starfa eftir. Almenn trúnaðarskylda félagaréttarins sem hvílir á stjórnareiningum félaga heimilar þeim ekki að taka tillit til hagsmuna keppinauta þegar rekstrarlegar ákvarðanir eru teknar. Sú staðreynd að ÍSP er opinbert hlutafélag undanskilur stjórnareiningar félagsins ekki þessari trúnaðarskyldu.

Líneik spyr:

1. Hvernig var samráð við PFS og SNR – um áskorun fyrir eina gjaldskrá fyrir alþjónustu?

Báðum aðilum var tilkynnt fyrirætlan ÍSP en hvorugur aðili mótmælti þeim fyrirætlunum, né veitti leiðbeiningar um hvernig skyldi haga verðskrá.

2. L óskar eftir afriti gjaldskrár fyrir alþjónustu – des 2019 og jan 2020 og árslok 2020.

Meðfylgjandi eru verðskrár pakka innanlands fyrir tilgreind tímabil. Ef óskað er eftir afriti af verðskrám annarra þjónustuleiða sem falla undir alþjónustu, verður ÍSP vitanlega við þeirri beiðni.

Virðingarfyllt.

Kristinn Már Reynisson

Lögfræðingur